

Þorbjörn hf.
Óskar Gunnarsson
Hafnargötu 12
240 Grindavík

Reykjavík, 14. júlí 2023
UST202306-456/B.S.
10.05.00

Efni: Refsstaðir í Borgarfirði – skógrækt. Umsögn

Vísað er til erindis Þorbjarnar hf. dags. 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða skógrækt á Refsstöðum í Borgarfirði.

Framkvæmdin

Umhverfisstofnun telur jákvætt að leitast verði við að koma nýjum vistkerfum þannig fyrir í landinu að trágróðurinn verði bæði jákvæð viðbót við landslagið og að tekið verði tillit til þess gróðurs og vistkerfa sem fyrir eru. Þannig að líffræðileg fjölbreytni sem til staðar er verði viðhaldið. Sérstaklega er mikilvægt að raska ekki votlendi þar sem slík vistkerfi binda meira kolefni en það sem ætla má að skógur muni binda. Einnig væri líklega árangurrikara að endurheimta votlendi og með þeim hætti hindra frekari losun og stuðla að frekari bindingu í endurheimtu votlendi. En jákvætt er að rækta í gróðurlausum melum og holtum.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að stór hluti framkvæmdasvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd¹ og mun framkvæmdin (skógrækt og slóðagerð) eins og hún er lögð fram á uppdrætti geta valdið raski á votlendi. Að mati Umhverfisstofnunar er betra að skilgreina með meiri nákvæmni fyrirhugaða ræktunarreiti á uppdrætti með tilliti til greinargerðar.

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélaginu á að samkvæmt lögunum ber að forðast röskun á votlendi sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Leiðbeiningar

Umhverfisstofnun vill einnig benda á leiðbeiningar sem nýlega voru gefnar út af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um hvernig best verði staðið að skógrækt

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

en þar kemur m.a. fram að alls ekki skuli gróðursetja í votlendi þar sem slíkt getur stuðlaða að enn frekari losun og að þau tré sem gróðursett eru munu ekki byrja að binda kolefni í einhverju mæli fyrr en að nokkrum áratugum liðnum. Sjá: **Guidelines on Biodiversity-Friendly Afforestation, Reforestation and Tree Planting. Brussels 17.3. 2023.**

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. votlendisvistgerðin starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og er starungsmýravist á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli að nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis (hér 199,9 ha) fellur undir B flokk, sbr. lið 1.04 skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.²

Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Þar af leiðandi eru allar falla allar framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka undir lögín óháð stærðarmörkum ef þær eru staðsettar á einhverju þeirra svæða sem talin eru upp í staflíðum a-f í iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Þetta eru eins og kom hér fram á ofan, votlendi sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd og vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt Bernarsamningunum.

Því er mikilvægt að framkvæmdaraðili, Skógræktin eða sveitarfélagið hafi samband við Skipulagsstofnun og fái úr því skorið hvort að verkefnið sé tilkynningaskyld framkvæmd.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fyrirhugaða skógrækt.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021111.html>

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur